

Um kaupgjaldsmál

Grein þessi er skrifuð áður en samið var um hækkun tímakaups í Reykjavík í þessum mánuði og mun sú hækkun auðvitað auka enn á misræmið milli framleiðslukostnaðarins og söluverðs afurðanna og hækka vísitölur tímakaupsins og kaupmáttarins, sem sýndar eru á línuritum, sem fylgja greininni.

KAUPGJALDIÐ OG ÞJÓÐIN.


Kaupgjald verkamanna er mál, sem skiptir alla þegna þjóðfélagsins. Fyrst og fremst varðar það þá, sem kaupið fá, launþegana, sem eru meirihluti hinna framferandi þegna, í öðru lagi framleiðendur, sökum þess að kaupið er oft stærsti hluti framleiðslukostnaðarins og arðbæri (rentabilitet) atvinnurekstursins undir því komið. Að lokum er þetta hagsmunamál allrar þjóðarinnar, vegna þess að kostnaðarverð og þá um leið söluverð og sölumöguleikar útflutningsafurðanna eru að verulegu leyti háðir kaupgjaldinu.

Þar sem flestir eiga beint eða óbeint afkomu sína undir kaupgjaldinu, eru umræður um það venjulega mjög viðkvæmt mál, einkum af því að inn í þær blandast ósjaldan efni, sem eru af öðrum toga spunnin, svo sem pólitík, tilfinningar fordómar ofl. Hér verður leitast við að sneiða hjá því að flækja málið að óþörfu með fjarskyldu efni. Það er heldur ekki tilætlunin að kveða upp neinn algildan dóm um það, hver eigi almennt að vera hlutdeild verkamanna í þjóðartekjunum. Hinsvegar gefur ástand og útlit í kaupgjaldsmálunum hér á landi nú nægt tilefni til nokkurra almennra athugana á sviði kaupgjaldsmálanna, einkum þó varðandi samband þróunar kaupgjaldsins og framfærslukostnaðarins og áhrif þeirrar þróunar á lífskjör verkamanna, framleiðslukostnaðinn og sölumöguleika útflutningsafurðanna, og mun grein þessi einskorðuð við það efni.

ÞRÓUN TÍMAKAUPSINS.

Á línuriti, sem fylgir hér á eftir, er þróun FRJÁLS VERZLUN

tímakaups í Reykjavík sýnd yfir all langt árabíl (1914 - 1947). Árið 1914 var verkakaupið í Reykjavík kr. 0,35 á klukkustund. Frá þeim tíma hækkaði það nokkuð stöðugt fram til ársins 1924, að það komst upp í kr. 1,40 og hélzt lítið breytt, þar til það rétt fyrir stríð (1938 - 1939) var komið upp í kr. 1,45 á klst. Á ófriðarárunum hefur hækkun kaupsins verið svo mikil og ör, að slíks eru ekki dæmi hér á landi, og mér er nær að halda, að erfitt sé að finna hliðstæðu annarsstaðar frá, og er nú (marz 1947) komið upp í kr. 8,37 á tímann. Sé reiknuð vísitala kaupsins til þess að sýna greinilegri mynd þróunarinnar, og kaupið 1914 notað sem grunn-eining vísitölunnar, kr. 0,35 = 100, þá er vísitala kaupsins nú orðin 2391.



Svarti flöturinn neðst á myndinni táknar vísitölu kaupmáttar tímakaupsins, stríkalínan vísitölu framfærslukostnaðarins og svarta línan vísitölu tímakaupsins.

FRAMFÆRSLUKOSTNAÐURINN.

Á sömu mynd er einnig línurit yfir þróun framfærslukostnaðarins. Þess ber að gæta við þetta línurit og önnur, sem hér hafa verið dregin upp, að sökum hins litla skala, sem notaður hefur verið, getur skeikað lítilsháttar til um nákvæmni þeirra. Línuritið um framfærslukostnaðinn er gert eftir vísitölu um framfærslukostnað, sem Hagstofa Íslands hóf útreikning á árið 1914 og hélt áfram til 1940, er kauplagsnefnd og Hagstofan byrjuðu útreikning vísitölu framfærslukostnaðarins á nýjum grundvelli. Nýju vísitölunni má aftur breyta í vísitöluna með gamla láginu, til þess að sjá samfellda þróun framfærslukostnaðarins, með því að margfalda nýju vísitöluna að hverju sinni með 271, en það er gamla vísitalan í okt. 1940, og deila síðan í útkomuna með 103, sem er nýja vísitalan frá sama tíma (sbr. Hagtíðindi 1940 Nr. 10–12). Hefur þetta verið gert hér við meðalvísitölu allra árána eftir 1940.

Við athugun á línuritinu kemur í ljós, að vísitalan, sem hefst 1914–1918 og nær hámarki sínu 1920, gengur síðan í nokkrum sveiflum til 1927 og helst eftir það án stórvægilegra breytinga til ófriðarbyrjunar 1939 og er þá komin í 271. Á ófriðarárunum hækkar hún greitt, eins og kunnugt er, og er nú komin í 816.

KAUPMÁTTUR KAUPSINS.

Hæð kaupsins í peningum, „nominalkaupið“, hefur litla þýðingu ein fyrir sig. Það sem mestu varðar er kaupmáttur peninganna, kaupmáttur kaupsins („realkaupið“), með öðrum orðum, það sem verkamenn geta fengið af vörum og þjónustu fyrir þá peningaupphæð, sem þeir fá greidda í kaup. Kaupmáttur peninganna og þá um leið kaupsins má marka af verðlaginu. Ef verðlagið er hátt, er kaupmátturinn lítill, og öfugt, ef verðlag er lágt, er kaupmáttur peninganna mikill. Breytingar á verðlaginu er hægt að reikna út með vísitölu (index), t. d. vísitölu framfærslukostnaðarins, eins og gert er hér á landi.

Vilji menn því sannprófa, hvort kaupið („realkaupið“) hafi í raun og veru hækkað hér á landi eða lækkað, er hendi næst að bera saman þróun kaupvísitölunnar og vísitölu framfærslukostnaðarins. Eftir því hvort bilið milli þessara talna hefur gleiknað eða þrengzt, hefur kaupið hækkað eða lækkað. Á umræddu línuriti

kemur þetta greinilega í ljós, því að síðan 1914 er vísitala kaupsins komin upp í 2391, en framfærslukostnaðurinn ekki upp í nema 816. Það orkar því ekki tvímælis, að „realkaup“ verkamanna hér á landi hefur hækkað geysi ört að undanfögnu og að hækkun þessi hefur að mestu orðið á ófriðarárunum.

Enn ljósari verður þróunin, ef samin er sérstök vísitala yfir kaupmátt kaupsins. Hana má finna með því að deila vísitölu framfærslukostnaðarins inn í vísitölu kaupsins. Er sú vísitala færð inn neðst á línuritsmyndina og sýnir, að kaupmáttur kaupsins er miðað við 1914 nú komin upp í 293 stig.

LÍFSKJÖR VERKAMANNA FYRIR OG EFTIR STRÍÐ.

Ef borin eru saman lífskjör íslenskra verkamanna fyrir stríð og nú, sést, að á þeim hefur orðið gagnger breyting þeim í vil. Er þetta augljóst, ef bornar eru saman fyrrgreindar vísitölur. Dýrtíðin hefur að vísu vaxið mikið, vísitala framfærslukostnaðar hefur hækkað úr 271 (1939) í 816 (1947). Hækkunin nemur röskum 200%. Tímakaup hefur þó á sama tíma hækkað miklu meir, því að vísitala þess hefur hækkað úr 414 (1939) í 2391 (marz 1947), eða um 477%. Af þessum ástæðum hefur orðið mikil hækkun á kaupmætti kaupsins, eins og gleggst kemur fram við athugun á kaupmáttarvísitölunni, sem var fyrir stríð 153, en er nú 293. Hækkunin á kaupmætti tímakaupsins, „realkaupinu“, nemur því rúmum 90%. Með öðrum orðum sagt, kaupmáttur tímakaupsins hefur á fáum árum nærri því tvöfaldast, miðað við umræddar vísitölur.

En þar með er ekki öll sagan sögð, því að fyrir stríð voru atvinnuskilyrði hér á landi þannig, að verkamenn höfðu mjög stopula vinnu, og hefur í kaupgjaldinu sennilega verið tekið tillit til þess. Eins og nú háttar er aftur á móti. sem betur fer, ekkert atvinnuleysi, verkamenn hafa stöðuga vinnu og auk þess oft talsverða yfirvinnu. Af þessum ástæðum má ganga út frá, að heildartekjur verkamanna hafi hækkað verulega fram yfir það, sem vísitalan um kaupmátt tímakaupsins gefur til kynna.

Lífskjör verkamanna hafa einnig af öðrum ástæðum farið mjög batnandi á þessu tímabili. Kaupið er ekki alltaf aðalatriðið fyrir verkamennina, heldur hafa vinnuskilyrðin og

ýms önnur hlunnindi oft engu minni þýðingu fyrir lífskjör þeirra. Einmitt á því sviði hafa þeir á umræddum árum fengið talsverðar kjarabætur, að nokkru leyti með beinum samningum við atvinnurekendur, en sumpart fyrir tilstilli löggjafans, má þar m. a. nefna lög um orlof, verkamannabústaði, vinnuvernd, almannatryggingar og nýju fræðslulögin. Allt mun þetta beint eða óbeint koma fram sem kjarabætur fyrir verkamenn, en á hinn bóginn sem aukinn kostnaður (bein útgjöld eða hækkaðir skattar) fyrir framleiðendur og aðra atvinnurekendur.


KAUPGJALDIÐ OG VERÐ ÚTFLUTNINGS- AFURÐANNA.

Tilgangur búskaparstarfseminnar er að fullnægja þörfum þegnanna, og stefnan á að vera sú, að lífskjör þeirra fari batnandi og þeir geti aukið neyzlu sína. Hin stórstíga hækkun kaupgjalds hér á landi og umbætur á lífskjörum verkamanna á síðustu árum eru því gleðilegt fyrirbæri, ef þær byggjast á varanlegum og haldgóðum grundvelli, en séu þær hinsvegar augnabliks fyrirbæri og ekki í samræmi við getu atvinnuveganna, eru þær skammgóður vermi og leiða til stöðvunar framleiðslunnar og verða varkamönnum, þegar til lengdar lætur, til ófarn-
aðar.

Íslendingar selja verulegan hluta framleiðslu sinnar til útlanda og kaupa erlendar vörur, sem þeim er nauðsynlegt að flytja inn, fyrir andvirði útflutningsins. Þjóðinni er því lífsnauðsyn, að þeir atvinnuvegir, sem framleiða vörur til útflutnings, beri sig, þ. e. a. s. útflutningsvörunar seljist við verði, sem nægir til greiðslu á framleiðslukostnaði þeirra, en stærsti hluti framleiðslukostnaðarins er einmitt innlenda kaupgjaldið.

Prófsteinninn á það, hversu heilbrigð stefna hin öra kauphækkun hefur verið, fæst þess vegna með því að bera saman, hvort verð útflutningsvaranna hefur hækkað að sama skapi og kaup-
ið. Línuritið, sem hér fer á eftir, sýnir þróun kaupgjalds og verðs útflutningsvaranna frá því árið 1935. Verðbreytingar útflutningsafurðanna eru byggðar á vísitölu Hagstofunnar um þetta efni, en þær birtast jafnan í verzlunarskýrslunum. Vísitala kaupsins hefur hinsvegar verið reiknuð hér sérstaklega til samanburðar. Við athugun kemur þá í ljós, að vísitala verkakaupsins miðuð við 1935 er nú komin upp í 615 stig, og

FRJÁLS VERZLUN



Svarta línan táknar vísitölu tímakaupsins, en strikalinan vísitölu verðs útflutningsafurðanna. Hver vísitala er á línuritinu gefin upp í árslok.

hefur því kaupgjaldið á þessum tíma hækkað um rúm 500%. Vísitala verðs útflutningsafurðanna er aftur á móti um áramótin 1945–1946, en lengra nær hún því miður ekki, aðeins komin upp í 294 stig, og hefur því ekki hækkað um nema tæp 200%. Frá þessum tíma hefur hún sennilega ekki hækkað svo verulega, að um muni í þessum samanburði, því að þótt verð sumra útflutningsafurða, svo sem lýsis, síldarafurða og jafnvel hraðfrysts fisks hafi hækkað, þá hefur verð annarra vara, sem mikil áhrif hafa á vísitölu útflutningsafurðanna, svo sem ísfisksins, fallið mjög mikið. Niðurstaðan er því með öðrum orðum sú, að kaupgjaldið hefur hækkað langt fram yfir verðhækkun útflutningsafurðanna, og það svo mjög, að sumar greinar útflutningsframleiðslunnar eru hættar að bera sig (t. d. hraðfrystur og saltaður fiskur). Er það því augljóst mál, að boginn í kaupgjaldsmálunum hefur verið spenntur hátt, og það svo freklega, að kauphækkun nú hlýtur, að óbreyttum aðstæðum, að leiða til stöðvunar margra þýðingarmestu greina atvinnulífsins.

HVERT BER AÐ STEFNA Í KAUPGJALDS- MÁLUNUM?

Ef dregnar eru almennar ályktanir af því, sem hér er framan hefur verið sagt, verður niðurstaðan ótvírætt sú, að kaupgjald verkamanna hér á landi hefur á síðustu árum hækkað risaskrefum, jafnframt því sem félagslegum umbótum og hlunnindum til handa varkamönnum hefur fleygt fram, svo að vafasamt er, að raunveru-

legt kaup verkamanna sé nú í öðru landi hærra en hér. Í upphafi var raunhæfur grundvöllur fyrir kauphækkuninni, vegna hins háa verðlags á útflutningsafurðunum og lítillar samkeppni um sölu þeirra á ófriðarárunum. En síðar hefur orðið breyting, kaupð hefur hækkað langt fram yfir hækkun þá, sem orðið hefur á verði útflutningsafurðanna, og nú eigum við auk þess að etja við samkeppni annarra landa, sem geta selt vörur sínar miklu lægra verði en við, sökum þess að kaupgjald þar og allur framleiðslukostnaður er miklu lægri en hér á landi.

Allt hlýtur þetta að leiða til þess, að við verðum að gera okkur ljóst, hvar við erum staddir og hvert stefna beri í kaupgjaldsmálunum, eða með öðrum orðum að svara þeirri spurningu, hvað kaupð megi vera hátt með tilliti til greiðslugetu atvinnuveganna.

Það sem ræður hæð kaupsins á hverjum tíma er m.a. framleiðslugeta (produktivitet) vinnunnar og viðskiptin, það verð, sem fæst fyrir afurðirnar. Hámark kaupsins takmarkast sem sé af því, að verðið, sem fæst fyrir hina seldu vöru, nægi til þess að borga kaupð og annan framleiðslukostnað, þ. e. a. s. að framleiðslan beri sig, því að annars stöðvast hún og atvinnuleysið með öllu sínu böli heldur innreið sína. Í raun réttir eru það því hagsmunir verkamannanna sjálfra, að kaupð sé ekki spennt of hátt og framleiðslan stöðvist, því þá bitnar það fyrst og fremst á þeim. Öll óábyrg launapólitík, sem reynir að spenna kaupð upp fyrir getu atvinnurekstursins, er því verkamönnum óhagstæð.

Sú stefna, sem virðist því vera verkamönnum og alþjóð heppilegust hér á landi, eins og sakir standa, er án efa sú, að reyna ekki almennt að þrýsta „nominalkapinu“ upp frekar en orðið er, en hinsvegar að tryggja kaupmátt kaupsins með lækkaðri dýrtíð, að viðhalda stöðugri vinnu og að auðvelda kaupmætti kaupsins eðlilega útrás í auknum lífspægindum í formi bætts húsnæðis og aukinna heimilispæginda.

Fjárhagsráð hefur verið skipað frá 1. júlí þ. á. að telja. Í því eiga sæti eftirtaldir 5 menn:

Dr. Magnús Jónsson, próf., formaður.

Finnur Jónsson, alþingismaður.

Hermann Jónasson, alþingismaður.

Dr. Oddur Guðjónsson, form. Viðskiptaráðs.

Sigtryggur Klemenzson, stjórnarráðsfulltr.

Mun þetta nýja og valdamikla ráð þegar hafa hafið undirbúningsframkvæmdir, og má búast við að það setjist við stýrið senn hvað líður.

Úr myndasafni V.R.

X.



Arni Árnason.

Skúli landfógeti . . . Framhald af bls. 104

manna og hjörtum, þá hefði hann sjálf sagt borð bagal og mítur og sveiflað tilfinnanlega einvaldssprota kirkjunnar yfir landi og lýð. Hefði honum aftur á móti verið það ætlað af forsjóninni að lifa á vorum dögum, um þær mundir, er frelsishugmyndir þessarar aldar ruddu sér braut yfir löndin, þá má telja það víst, að hann hefði gripið merki þeirra og ruðst fram í broddi fylkingar móti kúgun og þrældómi. Allir þessir hæfileikar lágu fólgnir í sálu hans. Renna oss ósjálfrátt í hug orð Haralds konungs harðráða, er tilrætt varð um Gizur biskup, að úr honum mætti gera þrjá menn: víkingahöfðingja, konung og biskup, „ok væri hann til alls vel fallinn“.